

Sjálfsmynd, framandleiki og tungumál í verkum Matéos Maximoff: rómíska í íslenskum þýðingum

1.

Rómafólki bregður oft fyrir í bókmenntum og kvikmyndum en sjaldgæft er að þessi verk séu samin eða gerð af rómískum höfundum eða öðrum sem hafa þekkingu á menningu þeirra og samfélagi.¹ Af því leiðir að sú staðalmynd sem dregin er upp af „Sígauananum“ á lítið skylt við veruleikann og hefur hún enn fremur stuðlað að því að búa til framandi og dularfulla ímynd af þessu fólki sem, í mörgum tilvikum, hefur verið á faraldsfæti um aldir og sætt fordómum, andúð og ofsóknum vegna uppruna síns.² Það er ekki ýkja langt síðan Rómafólk fór sjálf að setja sögur sínar og kveðskap niður á blað. Líklegt er að ritgerð eftir Alexander Germano, sem kom út í Rússlandi árið 1915, hafi verið fyrsta prentaða verkið á rómísku, sem er ekki eitt tungumál heldur samheiti fyrir margar

1 Samkvæmt Ian Hancock er *Romani* það orð sem allir „Sígauanar“ eru sátir við að nota um sig; Ian Hancock, *We are the Romani People. Ame sam e Rromane dzene*, Hatfield: University of Hertfordshire Press, 2013 (2002), bls. xviii–xxii. Orðið „Sígauani“ er nú almennt talið niðrandi á íslensku og því er „Rómafólk“ gjarnan notað í þess stað (sbr. <https://malid.is/leit/rómafólk>); rómískur er þá lýsingarorð og rómíska heiti tungumálsins, sbr. <https://idordabanki.arnastofnun.is/faersla/730649>, [skoðað 20. desember 2019].

2 Um þetta fjallar Ian Hancock t.d. í inngangi sínum að bókinni *The Roads of the Roma – a PEN anthology of Gypsy writers*, Ian Hancock, Siobhan Dowd, Rajko Djuric (ritstj.), Hatfield: University of Hertfordshire Press. On behalf of Pen American Center, bls. 9–21. Sjá líka: Mile Fuciková, „Les images des Tsiganes dans la littérature française du 19e siècle. Les origines de la naissance d'un mythe“, *Études tsiganes* 25/2006, bls. 10–35; nær okkur: Norma Montesino, „The ‘Gypsy Question’ and the Gypsy expert in Sweden“, *Romani Studies* 5, 11(1)/2001, bls. 1–23.

skyldar mállýskur.³ Fyrstu skáldverkin komu svo út á millistríðsár-
unum (1918–1939) og undanfarna áratugi hefur rómískum rithöf-
undum fjölgað umtalsvert.⁴

Bókmenntir Rómafólks hafa þó sjaldan komið fyrir augu íslenskra
lesenda og svo virðist sem „Prjú Sígauanaljóð“, í þýðingu Einars Braga
skálds og rithöfundar, séu einu textarnir sem komið hafa út á ís-
lensku. Ljóðin fjalla um hestaþjófnáð, flótta og ástarsorg og birtust í
tímaritinu *Birtingi* árið 1966.⁵ Tvö þeirra eru eignuð serbnesku skáld-
konunni Ginu Rañićić en ekki kemur fram hver höfundur þriðja
ljóðsins sé.⁶ Fólki af rómískum uppruna hefur farið fjölgandi á
Íslandi undanfarna áratugi og brýnt er að gera menningu þess, sögu
og menningararfi betri skil.⁷

Ritverk Rómafólks eru margvísleg en ekki er óalgengt er að þau
tengist sjálfsmynd þess, menningu og sagnaarfi.⁸ Þau veita einstaka
innsýn í líf og lifnaðarhætti þess samfélags sem þau eru sprottin úr
og eru í senn framanandi og kunnugleg. Í þessari grein verður sjónum
beint að rómíska rithöfundinum Matéo Maximoff, en ekkert benti til
þess að hinn ungi Maximoff, sem sótti skóla „náttúrunnar, skógarins,
stíganna og lækjanna“⁹ ætti eftir að feta leið hins ritaða orðs. Einkum
verður fjallað um vægi eða hlutverk rómíska tungumálsins í textum

3 Germano þýddi einnig verk Púshkíns á rómísku, skrifaði um málfræði rómísku og sögu Rómafólks; Hancock, *The Roads of the Roma*, bls. 11; Milena Hübschmannová, „Alexander Vyacheslavovich Germano“, *ROMBASE*. <http://rombase.uni-graz.at/>, [skoðað 30. nóvember 2019]. Um rómísku, sjá nánar nmgr. 29.

4 Um þetta fjallar Sofiya Zahova í greininni „Romani Language Literature“, Yaron Matras og Anton Tenser (ritstj.), *The Palgrave Handbook of Romani Language and Linguistics*, Houndmills: Palgrave Macmillan, 2020, bls. 539–569.

5 „Prjú Sígauanaljóð“, *Birtingur* 12 (1–3)/1966, bls. 13–14.

6 Talið er víst að ljóð skáldkonunnar Ginu Rañićić (?–1890) hafi verið aðlöguð og þeim breytt af austurríska sígauanfræðingnum Heinrich von Wlislöcki; Milena Hübschmannová, „Alexander Vyacheslavovich Germano“.

7 Árið 2020 kemur út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum safn smásagna eftir höfunda af rómískum uppruna. Ritstjórar bókarinnar eru Sofiya Zahova, sérfræðingur í menningu og málefnum Rómafólks, og Ásdís R. Magnúsdóttir. Ian Hancock, próffessor við University of Texas at Austin, skrifar inngang að sögunum, og Sofiya eftirmála. Í bókinni verða rúmlega tuttugu smásögur eftir sex höfunda: Georgijy Tsvetkov, Ilona Ferková, Jess Smith, Jorge Emilio Nedich, Jovan Nikolic og Matéo Maximoff. Sögurnar eftir Maximoff eru allar úr safninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur*, Romainville: Chez l’auteur, 1986.

8 Sjá nánar Cécile Kováčsházy, „Pour une définition des littératures tsiganes/romani“, *Études tsiganes* 37/2009, bls. 4–7; Sofiya Zahova, „Romani language literature“, bls. 17–26; Paola Toninato, *Romani Writing: Literacy, Literature and Identity Politics*, New York: Routledge, 2014, sjá einkum 2. hluta verksins, „The Rise of Romani Literature“.

9 Matéo Maximoff, *Dites-le avec des pleurs. Récit*, Romainville: Chez l’auteur, 1990, bls. 52.

hans og tekin dæmi úr smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Brúða Mameligu. Bók óttans) sem kom út árið 1986.

2.

Matéo Maximoff (1917–1999) ólst upp við að heyra sögur frá Rússlandi þar sem þrjár kynslóðir ættingja hans í föðurætt hans höfðu búið.¹⁰ Langafi Matéos hafði verið þræll í Rúmeníu áður en þrælshald var lagt niður þar í landi árið 1855. Hann fór þá til Rússlands eins og margir af Kalderash-ættflokknum sem hann tilheyrði, og þar fékk hann nafnið Maximoff vegna þess hversu hávaxinn hann var. Kalderash-Rómafólk var þekkt fyrir að smíða potta, katla og pönnur og gera við eftir þörfum.¹¹ Afi Matéos var fjórtán barna faðir og fjölskyldan ferðaðist milli markaðstorga í þorpum og bæjum í Síberíu, Kína og víðar og kom til Vestur-Evrópu um 1910. Foreldrar Matéos hittust árið 1916 og hann fæddist þegar fjölskyldan var stödd í Barselóna, árið 1917, líklega 17. janúar. Faðir hans var hljóðfæraleikari og koparsmiður eins og faðir hans og afi. Foreldrar Matéos fóru frá Spáni þegar hann var þriggja ára en móðirin lést af barnsförum þegar sjötta barn þeirra hjóna kom í heiminn í Belgíu árið 1925. Fjölskyldan kom sér þá fyrir í tjöldum í Romainville í nágrenni Parísar. Matéo varð munaðarlaus fjórtán ára gamall og sá, ásamt frændum sínum, um systkini sín með því að þrifa og gera við potta og eltitrog bakara. Þremur árum síðar heimsótti hann móður-fjölskyldu sína í Suður-Frakklandi og tók þátt í að sjá um ferðabíó fjölskyldunnar. Hún tilheyrði Manouche-ættflokknum og hann var þekktur fyrir slíka starfsemi. Allt lék í lyndi þar til Matéo tók þátt í ryskingum milli tveggja fjölskyldna þar sem þrír lágu í valnum áður en yfir lauk. Hann var tekinn fastur, sat inni í fjóra mánuði og það var lögmaður hans, Jacques Isorni, sem fékk hann til að segja frá

10 Um ævi Maximoffs, sjá til dæmis Milena Hübschmannová, „Matéo Maximoff“, *ROMBASE*, [skoðað 15. nóvember 2019]; Gérard Gartner, *Matéo Maximoff. Carnets de route*, Paris: Alteredit, 2006; Anne-Isabelle Lignier, „Matéo Maximoff, chantre des cultures tsiganes“, *Études Tsiganes* 60(1)/2017, bls. 7–15.

11 Nafn Kalderash-Rómafólks (úr rúm. *caldare* – stór pottur) vísar til þeirrar iðju sem það stundaði. Um ólíka undirhópa Rómafólks, sjá t.d. Milena Hübschmannová, „Roma Sub Ethnic Groups“, *ROMBASE* [skoðað 15. desember 2019]; Ian Hancock, *We are the Romani People. Ame sam e Rromane dzene*, bls. xviii–xxii; sami, *The Roads of the Roma – a PEN Anthology of Gypsy Writers*, bls. 9–21.

Þessari atburðarás og lifnaðarháttum Manouche-ættflokksins. Isorni lýsti fyrsta fundi sínum með Maximoff í fangelsinu með þessum orðum:

Hann sagði mér að hann væri einn fárra Sígauna sem kynnu að lesa og skrifa. Hann hafði lært sjálfur í skini varðeldanna og á ferð í vögnunum sem þeir kalla vurdon á sínu tungumáli. [...] Matéo Maximoff leiddist í klefanum sínum og ég stakk upp á því að hann keypti skrifblokk í fangelsibúðinni og skrifaði fyrir mig um Sígaunalífið. Ég ætlaði að nota þessa punkta í varnarræðunni í Puy-de-Dôme.¹²

Í stað minnispunkta skrifaði Maximoff hins vegar heila skáldsögu, *Les Ursitory*, sem kom út árið 1946. Þetta er saga sem afi hans og amma höfðu sagt honum, saga þar sem örlagavættir (róm. *ursitori*) og nornir spila með ástir og líf karla og kvenna.

Maximoff lenti í fangabúðum í október 1939, stuttu eftir að Frakkland hafði lýst yfir stríði gegn Þýskalandi. Hópar Rómafólks tóku sig upp og flýðu suður á bóginn. Maximoff-fjölskyldan var stoppuð á landamærum Frakklands og Spánar og vísað í fangabúdir fyrir flökkufólk þar sem hún dvaldi ásamt fleirum við illan aðbúnað í tæp þrjú ár. Árið 1944 kom hann sér aftur fyrir í nágrenni Parísar og upp frá því barðist hann fyrir viðurkenningu á þjóðarmorði Rómafólks í síðari heimsstyrjöldinni. Maximoff ferðaðist mikið, tók ljósmyndir, rak kaffihús og vann með ýmsum þekktum kvikmyndagerðarmönnum og ljósmyndurum; hann hafði meðal annars þann starfa að vera eins konar milligöngumaður milli þeirra og Rómafólks og var jafnvel gagnrýndur af sínu fólki fyrir að segja of mikið um siði þeirra og venjur og ásakaður um að viðhalda staðalmyndum. Hann mætti ýmsu mótlæti, til dæmis í samstarfi sínu við franska bókaforlagið Flammarion, og honum gekk illa að fá franskan ríkisborgarétt, sem hann sótti ítrekað um. Eins og þúsundir Rómafólks snerist Maximoff til kristinnar trúar á sjöunda áratugnum; í trúnni sá hann frelsi fyrir fólk sitt og hann gerðist prestur í Hvítasunnusöfnuðinum

12 Milena Hübschmannová, „Matéo Maximoff“. Allar þýðingar á íslensku í greininni eru mínar nema annað sé tekið fram.

og vann árum saman að þýðingu Biblíunnar á rómísku.¹³ Maximoff lést árið 1999 og í París er nú að finna menningarmiðstöð Rómafólks sem ber hans nafn: Médiathèque Matéo Maximoff.¹⁴

Matéo Maximoff gekk ekki í skóla en pabbi hans kenndi honum að telja upp að tíu og að þekkja stafina. Svo lærði hann sjálfur að lesa og skrifa. Fyrsta tungumál hans var rómíska, en franskan var honum einnig mjög töm og hann skrifaði langflest verka sinna á frönsku þar sem meiri líkur voru á að þau vektu áhuga útgefenda og þeirra lesenda sem Maximoff hafði í huga við skrifin. Hann samdi um eitt hundrað ljóð, flest prósaljóð skrifuð í stílabók á tímum síðari heimsstyrjaldar og hafa fæst þeirra verið gefin út; skáldsögur, smásagnasafn, endurminningabækur og ljósmyndabók, *Les Gens du voyage* eða Flökkufólk, enda ferðaðist hann víða með myndavélina, festi á filmu það sem fyrir augu bar og safnaði myndum.¹⁵ Einnig hélt hann dagbók þar sem hann skrásetti bæði verð á brauði, ferðir sínar og fundi með frægu fólki; hann skrifaði fjölmargar greinar í tímaritið *Études tsiganes*, sem hann tók sjálfur þátt í að stofna árið 1955.¹⁶

Maximoff var í senn sagnamaður, rithöfundur og ötull baráttumaður fyrir viðurkenningu á Rómafólki og flökkufólki, tungumáli þeirra og menningu. Þangað sótti hann iðulega innblástur og í mörgum verka hans er að finna alls kyns upplýsingar og fróðleik um siði og menningu Rómafólks sem fléttast inn í söguþráð verka hans án hiks eða truflunar. Samfélagsleg útilokun, ásakanir og andúð í garð Rómafólks í gegnum aldirnar var honum hugleikin og í sjálfsævisögulegu frásögninni *Dites-le avec des pleurs* (Segið það með tárur) segir hann frá örlögum hundruð þúsunda Sígauna í síðari heimsstyrj-

13 Um prestinn Matéo, sjá Patrick Williams, „Le Pasteur Matéo“, *Études Tsiganes* 60(1)/2017, bls. 142–158. Um útbreiðslu kristni meðal Rómafólks í Frakklandi, sjá: „La mission évangélique tzigane en France“, *Le musée protestant*, <https://www.museeprotestant.org/notice/la-mission-evangelique-tzigane-de-france/>.

14 Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu *Fnasat* (Fédération nationale des associations solidaires d'action avec les Tsiganes et les Gens du voyage), <http://www.fnasat.asso.fr>, skoðað 20. desember 2019.

15 Matéo Maximoff, *Les Gens du voyage*, Romainville: Chez l'auteur, 1995; Antoine Le Roux, „Matéo Maximoff, écrivain et photographe“, *Études Tsiganes* 60(1)/2017, bls. 96–114.

16 Cécile Kováčsházy, „Matéo Maximoff, romancier. Une vie pour la littérature“, *Études Tsiganes* 60(1)/2017, bls. 72–95, hér bls. 76.

öld í fanga- og útrýmingarbúðum nasista.¹⁷ Fangabúðir Rómafólks í Frakklandi í styrjöldinni eru einnig sögusvið skáldsögunnar *La septième fille* (Sjöunda dóttirin) frá árinu 1969, þar sem ellihrum galdrakona reynir á nokkrum dögum að miðla aldagamalla visku sinni til kornungs arftaka síns – sjöundu dóttur sjöundu dóttur – til þess að hún glatist ekki. Hér fellir Maximoff fumlaust hjátrú og galdra inn í lýsingar á sögulegum atburðum eins og ekkert sé eðlilegra.¹⁸ Hann lýsir einnig lífsmáta sem einkennist af sífelldum ferðalögum og, oftar en ekki, fátækt í samfélagi sem hefur horn í síðu flökkufólks en neyðir það engu að síður í sífellu til þess að taka sig upp og leita að nýjum áfangastað. Sorg og gleði koma saman í ljóðinu „Je vous vend mes larmes“ (Ég sel ykkur tár mín) ¹⁹:

Ég sel ykkur tár mín.
 Þótt ég sé enn lítill,
 er hjarta mitt stórt.
 Þótt ég sé enn barn,
 finn ég til eins og fullorðinn maður.
 Jafnaldrar mínir una glaðir við leik.
 En ég verð að gráta.
 Og þar sem ég á ekkert
 sel ég ykkur tár mín.
 Ég horfi á börnin í kringum mig,
 þau hafa engin tár til sölu,
 aðeins tár sársaukans
 sem falla til jarðar
 og blandast eðjunni.
 Ég strýk tárin af kinnunum
 og sel þau fólki sem kann ekki að gráta.

17 Sjá t.d. Emmanuel Filhol, „L'exclusion et la tragédie des Tsiganes dans l'histoire: « Dites-le avec des pleurs » de Matéo Maximoff, *Versant : revue suisse des littératures romanes* 57/2010, bls. 125–147; Ulrich Baumann, „From the Gypsy's Point of View: Politique et mémoire au travers de la vie et l'œuvre de Matéo Maximoff“, *Études Tsiganes* 60(1)/2017, bls. 115–133.

18 Umfjöllun um þessa skáldsögu og trú Rómafólks má t.d. finna í Kathy Comfort, *Refiguring Les Années Noires: Literary Representations of the Nazi Occupation*, Lanham, Boulder, New York, London: Lexington Books, 2019, sjá einkum 4. kafla: „Matéo Maximoff's *La Septième fille*. A Roma Testimony of Internment“, bls. 81–106.

19 Matéo Maximoff, „Je vous vends mes larmes“, 1. febrúar 1983. Ég þakka Nouku Maximoff fyrir að veita leyfi fyrir birtingu og þýðingu á þessu ljóði.

En hvað vil ég í staðinn
 nema huggun?
 Ef einhver elskar mig,
 sel ég honum ekki tár mín,
 ég gef þau,
 það eru gleðitár.

Það kemur heldur ekki á óvart að gildi nýrrar trúar fléttist inn í verk hans, til dæmis í skáldsögunni *Condamné à survivre* (Dæmdur til að lifa af) þar sem söguhetjan þarf að gera upp við sig hvort hún fyrirgefur svörnum óvini sínum, eins og kristnin býður henni að gera, eða drepur, eins og reglur Rómafólks kveða á um í þessu tilfelli. Sögusvið skáldsögunnar teygir sig yfir mörg lönd en staðarnöfn eru þó sjaldséð, því eins og höfundur og sögumaður segir:

Höfundur þessarar bókar hefur vísitandi látið það ógert að nefna nöfn landa og bæja þar sem atburðirnir sem hann segir frá gerðust. Ekki-Rómamaður þarf ekki að þekkja mikið til landafræði og mannkynssögu til þess að geta sér til um nöfnin. [...] Lesandi af rómískum uppruna mun ekki eiga í neinum vandræðum með að vita hvar hann er. Hann þekkir staðina. En Rómafólk á erfitt með að muna hvað þeir staðir heita sem það fer um. Í augum þess er bær bara bær, og ekkert annað! Ef Rómamaður man eftir ákveðnum bæ er það vegna þess að eitthvað sem snerti hann eða fjölskyldu hans gerðist þar. Þetta er til dæmis bærinn þar sem hann keypti skyrta eða buxur. Nú eða bærinn þar sem hann fékk að eyða nóttinni í fangaklefa vegna þess að húsbílnum hans var ekki lagt á réttum stað o.s.frv.²⁰

Maximoff gerir gjarnan hlé á frásögninni í skáldverkum sínum og skýtur inn sögulegum eða sagnfræðilegum fróðleik um líf Rómafólks. Í skáldsögunni *Savina* kemur fram að heilt líf getur reynst of stutt til að bæta fyrir mistökin sem felast í því að virða ekki fornar reglur rómíska samfélagsins og kalla þannig yfir sig bölvun og skömm.²¹ Smásagan „La Pivli de Chandiri“ (Ekkja Chandiris) fjallar um dapur-

20 Matéo Maximoff, *Condamné à survivre*, Romainville: Chez l'auteur, 1984, bls. 180.

21 *Savina*, Paris: Flammarion, 1957, bls. 119, sjá Cécile Kováčsházy, „Matéo Maximoff, romancier. Une vie pour la littérature“, bls. 78.

leg örlög ekkju manns sem deyr í fangavist. Þar segir frá lífsskilyrðum fanga sem sendir eru til Síberíu til að taka út refsingu sína; leiðin þangað, löng, ströng og lífshættuleg, þjónar hlutverki fangelsismúra og á leiðarenda byggja fangarnir svo sjálfir varnarvegg um þorp sitt til að verjast árásum villidýra en geta þó ekki varist sínum eigin draugum.²² Í smásagnasafninu má auk þess finna skýringar eða athugasemdir í lok nánast hveirrar sögu þar sem höfundurinn útlistar þá siði, hjátrú eða atburði sem sagt er frá í verkinu. Sem dæmi má nefna þann sið að gefa öllum gælunafn, að tala í hálfum hljóðum um látið fólk, að refsast stúlkum og konum grimmilega fyrir að óhlýðnast föður sínum eða eiginmanni eins og í smásögunni „Le sang impur“ (Óhreint blóð) þar sem faðir drepur dóttur sína sem hefur lagt lag sitt við ekki-Rómamann og ber barn hans undir belti. Í athugasemd við söguna útskýrir Maximoff gamla fordóma Rómafólks í garð blandaðra hjónabanda og barna sem af þeim fæðast en tekur svo fram að þetta hafi mikið breyst, hann hafi sjálfur gengið að eiga svissneska konu og eigi tvær dætur sem gifst hafi Frökkum.²³ Mikilvægt hlutverk *krís*, eða hefðbundins dómstóls Rómafólks, kemur líka vel í ljós í sögum hans; í *krís* koma karlar ættflokksins saman, ræða þau mál sem upp hafa komið og útkljá samkvæmt sínum lögum og reglum.²⁴

Eins og bókmenntafræðingurinn Cécile Kováčsházi bendir á virðast skáldverk Maximoffs renna saman í eina stærri „sögu“ (fr. *saga*) eða eins konar „hetjuljóð“ sem nær frá byrjun 19. aldar til loka þeirrar 20. þar sem höfundurinn rekur sögu Rómafólks eins og um eina þjóð (fr. *race*) sé að ræða. Hann segir frá sameiginlegri baráttu þeirra og dregur upp sameiginlega og sameinandi sjálfsmynd, andspænis „hinum“, ekki-Rómafólki eða *Gayziés*.²⁵ Hún bendir einnig á að tvennt vaki fyrir höfundinum, fyrir utan það að segja sögu: annars vegar að sýna að Rómafólk eru manneskjur sem koma skuli fram við sem mann-

22 Sagan er í smásagnasafninu *La poupée de Mameliga*.

23 *La poupée de Mameliga*, bls. 140.

24 Sjá t.d. skáldsögurnar *Savina* og *Condamné à survivre*. Um *krís*: Ronald Lee, „The Rom-Vlach Gypsies and the Kris-Romani“, *Gypsy Law. Romani Legal Traditions and Culture*, ritstj. Walter O. Weyrauch, Berkeley, Los Angeles, London: University of California Press, 2001, bls. 188–230.

25 Cécile Kováčsházi, „Matéo Maximoff, romancier. Une vie pour la littérature“, bls. 76–77. Þessa sýn á Rómafólk má tengja viðleitni rómískra rithöfunda og fræðimanna til að skapa samstöðu meðal ólíkra hópa og samfélaga Rómafólks og tilfinningu fyrir því að tilheyrja sömu þjóð þótt Rómafólk eigi ekki sameiginlegt heimaland; sjá t.d. Paola Toninato, *Romani Writing: Literacy, Literature and Identity Politics*, einkum 3. hluta verksins: „The Politics of Romani Writing“.

eskjur, það felist í því að brjóta niður staðalmyndir og til þess noti Maximoff gjarnan hléin í frásögninni þar sem hann fræðir lesandann; orðræðan hefur þá það hlutverk „að gera við“, „laga“ og upplýsa og þannig leitast hann við að koma sínu fólki til varnar.²⁶ Hins vegar hamri hann á því hversu mikilvægt sé að kunna að lesa og skrifa. Í skáldsögunni *Vinguerka* lætur hann Papo segja eftirfarandi:

Ég vona að mörg ykkur eigi eftir að fara í skóla, og læra að lesa og skrifa, og verði jafnvel rithöfundar einn daginn. Þá mun ykkur bera skylda til þess að fræða aðra um ættflokk okkar, það sem við höfum lifað og það sem við lifum. Og ekki eins og þessir útlensku höfundar sem ímynda sér það og segja svo frá.²⁷

Það leynir sér ekki að Maximoff tók sér einmitt þetta hlutverk: að flytja menningu sína til þeirra sem þekkja hana ekki, og það gerði hann meðal annars með því að skrifa sögur og segja frá. Þó svo að hann hafi kosið að skrifa á frönsku er móðurmál hans, rómíska, líka eitt af því sem hann vill kynna fyrir lesendum sínum.

3.

Þróun rómískra bókmennta er stundum skipt í fjögur tímabil.²⁸ Það fyrsta hefst með birtingu texta á rómísku í upphafi 20. aldar og á millistríðsárunum; annað tímabil hefst um miðja 20. öld þegar þó nokkrir rómískir höfundar gáfu út verk sín í Evrópu; þriðja tímabilið hefst um 1980 þegar áhersla á menntun rómískra barna á móðurmáli þeirra fer vaxandi; það fjórða hefst um aldamótin en þá verður útgáfa bóka á rómísku útbreiddari. Markaðshugsun og sölumöguleikar hafa þó einnig haft áhrif á útgáfu verka á rómísku.²⁹

26 Sama, bls. 88–89.

27 Matéo Maximoff, *Vinguerka*, Romainville: Chez l’auteur, 1987, bls. 49, sjá Kovácsházy, „Matéo Maximoff, romancier. Une vie pour la littérature“, bls. 89.

28 Sofiya Zahova, „Romani Literature: Historical Developments and Challenges of Internationalization“, Elena Marushiakova, Vesselin Popov (ritstj.), *Roma Culture: Myths and realities*, München: Lincom Academic Publishers, 2016, bls. 81–126, hér bls. 82–83.

29 Rómíska skiptist í fjóra mállýskuhópa með samtals 60–70 mállýskum. Ekki ríkir sátt um að nota eina mállýsku frekar en aðra sem ritmál. Þó er algengt að Vlag-mállýskur séu notaðar á alþjóðlegum ráðstefnum eða fundum, en þær eru móðurmál um helming Rómabólks. Kalderash-mállýskan fellur í þennan hóp; Ian Hancock, *We are the Romani People*, bls. 139–149.

Það er ekkert einsdæmi að rithöfundar kjósi að skrifa á öðru tungumáli en móðurmáli sínu, og geta ólíkar ástæður legið þar að baki, t.d. menningarlegar þegar móðurmálið býr ekki yfir ritmáli, eða samfélagslegar, þegar annað tungumál er útbreiddara á því málsvæði sem höfundarnir búa á. Sumir rithöfundar sem skrifa á öðru tungumáli en sínu eigin gera það engu að síður á áhrifaríkan hátt. Hér má nefna kínverska rithöfundinn Xiaolu Guo sem skrifaði sínu fyrstu bók á ensku áður en hún hafði náð góðum tókum á því tungumáli og fjallaði þar einmitt um menningarmun og misskilning.³⁰ Bókin var gefin út með þeim ambögum sem voru á ensku höfundar og það kom ekki í veg fyrir að hún vekti mikla athygli og væri þýdd á fjölda tungumála. Af þeim sem ritað hafa á frönsku má nefna ekki ófrægari rithöfunda en Samuel Beckett, Eugène Ionesco, Juliu Kristevu, og rithöfunda úr fyrri nýlendum Frakka, s.s. Ousmane Sembène frá Senegal, Assia Djebar, Yasmina Khadra og Kamel Daoud frá Alsír, og Tahar Ben Jelloun frá Marokkó. Þessi höfundar kjósa frönskuna fram yfir sitt móðurmál, arabískuna, af ólíkum ástæðum, en kannski ekki síst vegna þess að þeir hafa að meira eða minna leyti hlotið menntun sína á frönsku og geta tjáð á því tungumáli hugsun sem hitt tungumálið rúmar ekki, eða að minnsta kosti ekki á sama hátt. Hvorki er hægt að alhæfa um samband þeirra við móðurmálið né tungumálið sem þau nota í verkum sínum; hvert tilvik fyrir sig er einstakt og í þessu samhengi undirstrikar t.d. Assia Djebar að hún skrifi á „sinni“ frönsku, *mon français*.³¹

Höfundar af rómískum uppruna skrifa oftast en ekki á öðrum tungumálum en rómísku; stundum skrifa þeir á tveimur tungumálum.³² Í endurminningum sínum sem austurrísk-rómíski rithöfundurinn Ceija Stojka skrifaði á þýsku segir frá bænum móður hennar í fangabúðum nasista: móðirin biður Guð um að bjarga börn-

30 Það var bókin *A Concise Chinese-English Dictionary for Lovers* sem kom út í Bretlandi hjá Chatto & Windus árið 2007. Bókin kom út í íslenski þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur hjá bókaforlaginu Angústúra, 2019.

31 Um þetta fjallar t.d. Irma Erlingsdóttir í grein sinni „Tungumál útleðar – Um skrif alsírka rithöfundarinn Assia Djebar“, *Milli mála* 2/2010, bls. 71–89.

32 Það getur einnig átt við um aðra höfunda, t.d. grænlenka rithöfundinn Niviaq Korneliusen, höfund *Homo Sapienne* sem kom út á grænlenku árið 2014 og höfundur þýddi sjálfur á dönsku, sjá t.d. viðtal við skáldkonuna: <https://www.rcinet.ca/eye-on-the-arctic/2017/12/01/enough-of-this-postcolonial-sh-an-interview-with-greenlandic-author-niviaq-korneliusen/> [skoðað 20. desember 2019].

unum sínum og allar bænir hennar eru skrifaðar á rómísku en þýsk þýðing fylgir í sviga.³³ Þess eru líka dæmi að höfundar þýði sjálfir verk sín yfir á annað tungumál, t.d. skáldkonan Ilona Ferková sem skrifar á rómísku en hefur einnig þýtt sum verka sinna á tékknesku. Matéo Maximoff hafði mjög gott vald á móðurmáli sínu og sneri Nýja testamentinu og frönskum sálmum á rómísku eða öllu heldur Kalderash-mállýskuna.³⁴ Langflest verka hans voru samin á frönsku og mun skýringin vera sú að hann vildi ná til þeirra sem töluðu tungumál meirihlutans í Frakklandi. Alain Reyniers bendir á, í þessu samhengi, að í rómískum samfélögum sé munnmælahefðin mun sterkari en rithefðin og því séu ritverk rómískra höfunda fyrst og fremst ætluð ekki-rómískum lesendum.³⁵

Maximoff tekur fram, í inngangi að smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur*, að sögurnar hafi allar verið sagðar af Kalderash-ættflokknum en séu þekktar víða um heim og tilheyri alþjóðlegum sagnaarfi; enginn standi í þeirri trú að þær séu sannar enda bæti hver og einn við þær eftir smekk; þær séu gjarnan sagðar við varðeldinn þegar vakað er yfir líki, enda tengjast þær allar dauða og afturgöngum.³⁶ Hann segist hafa skráð nokkur hundruð sögur og í þessari bók megi finna nokkrar þeirra sem hann hafi umritað á frönsku.³⁷

Sem ritmál er rómíska því ekki ýkja gömul og ritaðar bókmenntir höfunda af rómískum uppruna bera þess merki að munnmælahefðin er enn sterk: verkin eiga gjarnan rætur í þjóðsagnaarf-inum og rödd höfundar eða sögumanns heyrir af og til. Höfundar nota sögur sem þeir hafa heyrt sem grunn að eigin verki; þannig verður þjóðsaga höfundarverk. Í sumum tilfellum fléttast inn í sög-

33 Sofiya Zahova, „The role of Romani language in Romani authors' works“, *Andaj Romengi Ijuma. Patjiv le Mozesoske Heinschink*, Petra Cech, Christiane Fennesz-Juhasz, Dieter W. Halwachs (ritstj.), 2019, Graz: Grazer Romani Publikationen, bls. 347–369, hér bls. 359.

34 Cécile Kováčsházy, „Matéo Maximoff, romancier. Une vie pour la littérature“, bls. 76.

35 Sjá Alain Reyniers, „Les enjeux anthropologiques d'une culture romani de l'écriture“, *Études Tsiganes* 37(1)/2009, bls. 110–117. Sjá líka Sofiya Zahova, „The role of Romani language in Romani authors' works“, einkum bls. 354–366 („Flagging Romani identity through language“).

36 Það er útbreiddur síður meðal margra Evrópuþjóða að segja sögur við líkvökur, en sögur voru einnig sagðar við fleiri tækifæri, sjá Linda Dégh, *Folktales and Society: Story-Telling in a Hungarian Peasant Community. Expanded Edition with a New Afterword*, Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press, 1969, einkum 6. kafli: „The Tale Occasions“, bls. 63–119, og Carl-Hermann Tillhagen, *Taikon Berättar: Zigansagor*, Stokkhólmi, 1946 (sjá einkum formála Tillhagens).

37 Matéo Maximoff, *La poupée de Mameliga*, bls. 19.

urnar frásagnir höfunda af raunverulegum atburðum úr eigin lífi eða atburðum sem hafa haft sögulega merkingu fyrir rómíska samfélagið. Þrátt fyrir framandi blæ og fjarlægt sögusvið, koma margar þær sögur sem finna má í smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur*, íslenskum lesendum að mörgu leyti kunnuglega fyrir sjónir. Allar sögurnar í bókinni tengjast sama vel þekkta viðfangs-efninu, óttanum – sem grípur manneskjuna andspænis endalokunum og hinu yfirnáttúrulega. Þetta eru hálfgerðar hryllingssögur um dauða, refsingu og þau lögmál sem ríkja í samskiptum manna annars vegar og samskiptum manna við hið yfirnáttúrulega hins vegar, þar sem mörkin eru óljós og gjarnan óvænt. Þetta eru líka sögur um ást, sorg og missi. Allt kemur þetta saman í þekktustu sögu verksins, „La poupée de Mameliga“, „Brúðu Mameligu“.³⁸

Sagan fjallar um fátæka stúlku sem heitir Mameliga. Dag einn kemur hún til markaðsbæjar með foreldrum sínum og á göngu um markaðinn nemur hún staðar fyrir framan leikfangabúð og dáist að dúkkunum sem eru þar til sýnis. Þá heyrir hún rödd sem spyr hana hvaða dúkka henni þyki fallegust. Hún snýr sér við og sér þá ungan mann, Igruska, sem kaupir handa henni fallegustu brúðuna þrátt fyrir mótbáru Mameligu sem óttast viðbrögð foreldra sinna. Igruska segir henni að fjölskylda hans muni setja upp búðir við hlið fjölskyldu hennar þetta sama kvöld. Ákveðið er að Mameliga og Igruska eigi að giftast og að brúðkaupið verði að ári liðnu. Næsta dag heldur fjölskylda unnustans áfram ferð sinni en fjölskyldurnar tvær mæla sér mót eftir þrjá mánuði. Igruska er óþreyjufullur og áður en hann kveður segir hann stúlkunni að hann muni koma að ná í hana fyrir þann tíma og hún verði að vera viðbúin að hlaupast á brott með honum.

Eina nóttina vaknar Mameliga við að henni finnst einhver vera fyrir utan tjaldið. Hún fer út, með brúðuna í fanginu, og sér þá Igruska sem er kominn að sækja hana. Hann kippir henni upp á hestinn fyrir aftan sig og þau ríða af stað í átt að heimili hans. Mameliga er dálítið óróleg, ekki síst vegna foreldra sinna, en hún er

38 Íslenska þýðingu á þessari sögu er að finna í þessu hefti *Milli mála*, bls. 180–195. Hún mun einnig birtast í því safni smásagna Rómafólks sem kemur út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur árið 2020, sjá nmgr. 7. Þetta er eina smásagnasafnið sem Maximoff sendi frá sér og því eru allar smásögur hans sem hér eru nefndar úr þessu riti.

líka glöð yfir því að vera með heitmanni sínum. Eftir eina klukkustund sér hún vagna og tjöld tengdafjölskyldunnar og þar fyrir aftan mótar fyrir kirkjuturni. Hún furðar sig á því að þau skuli ekki stansa hjá vögnunum heldur halda rakleiðis inn í kirkjugarðinn. Þegar hann nemur loks staðar við opna gröf skilur Mameliga að Igruska elskar hana svo heitt að hann hefur komið til hennar úr handanheimum. Hann býður henni að koma niður í gröfina og réttir henni höndina. Skelfingu lostin rífur hún blússuna sína í ræmur, og svo kjólinn, og setur snifsin, eitt á fætur öðru, í útrétta höndina. Þegar hún stendur nakin við opna gröfina grípur hún brúðuna og slítur af henni perluvesti sem hún hafði sett um háls hennar, tekur perlurnar og leggur í lófa Igruska, eina af annarri, þar til aðeins þrjár perlur eru eftir. Þá galar haninn og jörðin gleypir afturgönguna.

Mameliga hleypur eins og fætur toga til kirkjunnar, grípur þar í tjald til að hylja nekt sína, klifrar svo upp í kirkjuturninn og hringir klukkunni. Ungur prestur svarar kallinu og hjálpar henni að finna foreldra Igruska sem segja henni að sonur þeirra hafi lent í slagsmálum deginum áður og dáið.

4.

Í athugasemd sinni við „Brúðu Mameligu“ segir Maximoff að þessi saga hafi verið mjög útbreidd hjá Rómafólki en fallið í gleymsku eftir að kristni breiddist út meðal þeirra; hann vilji þó koma í veg fyrir að þessar gömlu sögur gleymist endanlega þótt hann sé prestur. Hann játar að hafa sjálfur reynslu af yfirnáttúrulegum fyrirbærum, s.s. afturgöngum, sem hann geti ekki með nokkru móti útskýrt, en bætir svo við að Guð muni eyða myrkraverkum djöfulsins.³⁹

„Brúða Mameligu“ minnir íslenskan lesanda óneitanlega á söguna af „Djáknanum á Myrká“, eina af þekktustu draugasögnum í safni

39 *La poupée de Mameliga*, bls. 184–185. Milena Hübschmannová bendir á að sagan sé vel þekkt í rússnesk-rómískum bókmenntum og víðar í Austur-Evrópu; Milena Hübschmannová, „Matéo Maximoff“. Hún er af þjóðsagnagerðinni ATU 365 og er reyndar vel þekkt í allri Evrópu, sjá t.d. ensku ballöðuna „The Suffolk Miracle“, sem fyrst birtist á prenti á árunum 1678–1680. Um flokkunarkerfi þjóðsagna og „finnska skólann“ má t.d. lesa í inngangi Hans-Jörgs Uther, *The Types of International Folktales: A Classification and Bibliography Based on the System of Antti Aarne and Stith Thompson*, 3 bindi. FF Communications nos. 284–86, Helsinki: Suomalainen Tiedeakatemia, 2004, bls. 7–15, og um ATU 365 á bls. 229. Sjá einnig: Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011, bls. 22–26 og bls. 61–64.

Jóns Árnasonar, sem kom fyrst út á árunum 1862 og 1864.⁴⁰ Sagan gerist um jólaleytið, í Eyjafirði. Þetta er dimmasti tími ársins og algengt er í íslenskri þjóðsagnahefð að tröll, afturgöngur og huldufólk séu þá á ferð. Nokkru fyrir jól fer djákninn á Myrká að Bægisá og býður stúlkunni sinni til jólagleði að Myrká. Áin Myrká rennur á milli bæjanna tveggja og þennan dag gerði asahláku með úrkomu og vatnavöxtum og á bakaleiðinni lendir djákninn í ánni og drukkna. Lík hans rekur upp á bakkann hinum megin en vegna óveðursins er ekki hægt að senda boð um dauða hans til stúlkunnar. 24. desember kemur djákninn ríðandi að ná í stúlkuna. Þau tvímenna á hestinum hans og þegar þau eru að fara yfir ána brýst tunglið fram úr skýjunum og stúlkan sér hvítan blett í hnakka djáknans sem situr fyrir framan hana. Þegar þau koma að Myrká sér stúlkan opna gröf í kirkjugarðinum. Skelfingu lostin hleypur hún að klukknahtíðinu og hringir. Þá finnur hún að gripið er í hempuna hennar svo hún rifnar. Hún snýr sér við og sér hvar djákninn fellur ofan í gröfina, með bít af hempunni. Gröfin fyllist og hann hverfur.

Smásagan „Brúða Mameligu“ er því bæði framandi og kunnugleg íslenskum lesendum og margt er líkt með þessum tveimur sögum: veisla/hátíð, bið, látinn maður vitjar konu sem hann elskar, ferð í myrkri, kirkja og kirkjugarður, opin gröf, rifin klæði, kirkjuklukkan sem koma til bjargar. Þó er margt sem skilur þær að: landslag og baksvið „Brúðu Mameligu“ eru ólík ólgandi ánni og vetrarhörkuni í „Djákninum á Myrká“ og frásagnarmátinn er frábrugðinn. Það er einkenni munnmælasagna að breytast í hvert sinn sem þær eru sagðar og aðlagast stund og stað, menningu og samfélagi. Það má einnig hafa í huga að þegar Maximoff sendi frá sér smásagnasafnið *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* árið 1986 hafði hann þegar gefið út fimm skáldsögur. Hann var orðinn reyndur rithöfundur þótt bókmenntir Rómafólks hafi þá verið og séu enn ungar bókmenntir í þeim skilningi að rithefðin er ung. „Brúða Mameligu“ er til að mynda mun flóknari en sagan um „Djáknann á Myrká“ og Maximoff fléttar frásögnina í kringum litla tuskubrúðu, sem er í raun tvíafari Mameligu. Auk þess byggir hann upp meiri spennu í sögunni og heldur lesandanum í óvissu um örlög Igruska þar til undir lok verks-

40 Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, Leipzig: J.C. Hinrichs, 1862–1864, bls. 270–271.

ins. Eins og víðar í verkum Maximoffs ber þó sagan ýmis merki munnlegrar hefðar.

Sögukonan Mameliga er orðin langamma þegar hún segir sögu sína og hún byrjar á því að útskýra stöðu kvenna meðal Rómafólks, hvernig raddir þeirra máttu ekki heyrast hér áður fyrir þegar karlmenn voru viðstaddir, en nú geti karlarnir einfaldlega ráðið því sjálfir hvort þeir hlusti á konurnar eða ekki! Síðan lýkur hún frásögninni með því að taka fram að það sé ómögulegt „að gleyma svona nokkru“.⁴¹ Þarna minnir Maximoff á meistara smásögunnar í Frakklandi, Guy de Maupassant, sem hafði gjarnan þann háttinn á að leiða lesandann inn í frásögnina með inngangi sögumanns og láta sögumanninn taka aftur til máls í lokin.

Eitt af því sem einkennir smásögur Maximoffs, eins og önnur skrif hans, er notkun rómísku. Sofiya Zahova hefur fjallað um notkun rómísku í verkum rithöfunda af rómískum uppruna.⁴² Hún bendir á að orðin sem birtist í textanum séu ekki gripin úr lausu lofti, þau séu þar ekki fyrir tilviljun heldur séu þau notuð markvisst til að minna lesandann á uppruna textans, um þá menningu og það samfélag sem hann er sprottinn úr enda vísi þau iðulega til ákveðinna þátta í siðum og lögum Rómafólks, jafnvel grundvallarhugtaka sem höfundurinn telur einkennandi fyrir sína menningu og vill að lesandinn taki sérstaklega eftir. Með því að nota rómísk orð undirstrikar höfundur þannig uppruna textans, sjálfsmynd sína og þeirra sem hann skrifar um, en um leið aðgreinir hann sig frá „hinum“, þeim sem ekki tilheyra hans menningu, þeim sem eru ekki-rómískir og Maximoff kallar „les Gayziés“.⁴³ Vætanlega er þetta það sem vakir fyrir Maximoff því að það er ekki nóg með að lesandinn hnjóti um rómísk orð á nánast hverri blaðsíðu heldur er hann sífellt minntur á uppruna sögupersónanna. Hér eru nokkur af þeim orðum sem bregður fyrir hjá Maximoff í smásagnasafninu *La poupée de Mameliga*⁴⁴:

41 Matéo Maximoff, *La poupée de Mameliga*, bls. 169–170 og bls. 184.

42 Sofiya Zahova, „The role of Romani language in Romani authors' works“, bls. 354–366. Hún gefur ýmis dæmi.

43 Sjá Mozes F. Heinschink, Michael Teichmann, „Gadscho (Gadzo)/Das/Gor“, *ROMBASE*.

44 Sjá t.d. Norbert Boretzky, Birgit Igl, *Wörterbuch Romani - Deutsch - Englisch für den südosteuropäischen Raum: Mit eine Grammatik der Dialektvarianten*, Wiesbaden: Harrassowitz Verlag, 1994.

balo – svín
 bori – tengdadóttir
 Gayziés – ekki-rómískur, hinir
 kris – dómstóll, réttur
 mulo – andi dáins karls/konu
 pivli – ekkja
 tchaxano – draugur
 Romni – kona, eiginkona
 Rom – karl, eiginmaður
 tchera – tjald
 terka – ung stúlka
 ternear – ungur maður
 tomnimé – heitmær, unnusta
 vurdon – vagn
 galbis – gullpeningar
 plotchka – trúlofunarflaska, skreytt með gullpeningum

Notkun erlendra orða í texta getur verið vandasöm, ekki síst þegar algeng orð sem auðvelt er að þýða eiga í hlut. Höfundur metur það sjálfur hvort hann kýs að hafa erlend orð í texta sínum; þýðandi vinnur hins vegar með texta þar sem ákvörðunin hefur þegar verið tekin þegar hann kemur að textanum. Hann hefur auk þess það hlutverk að miðla verkinu til nýrra lesenda, merkingu þess, yfirbragði og stíl. Það er því sjálfsagt að hann virði þá ákvörðun höfundar að hafa erlend orð í textanum og þýði þau ekki. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sú ákvörðun vekji ýmsar spurningar, ekki síst varðandi merkingu og skilning. Það er efalítið auðvelt fyrir flesta íslenska lesendur að skilja orð eða setningu á ensku í þýddu verki. Í íslenskri þýðingu Jóhönnu Bjarkar Guðjónsdóttir á fransk-kanadísku skáldsögunni *Nirliit* eftir Juliana Léveillé-Trudel, sem gerist í norðanverðu Québec-fylki í Kanada, má til dæmis finna þessar stuttu setningar: „*I love you! May I have your number? Can I run with you?*“⁴⁵ Þýðandinn gerir væntanlega ráð fyrir að lesandinn skilji þessar setningar og þýðir þær ekki, en þegar orðum úr tungumáli inúíta bregður fyrir fylgir þýðing, til dæmis *quallunaat* „hvítt fólk“ (bls. 15 og 21) og *uppialuk*

45 Juliana Léveillé-Trudel, *Nirliit*, Reykjavík: Dimma, 2019, bls. 68.

„snæugla“ (bls. 138) þótt fyrra orðið sé ekki alltaf þýtt í franska frumtextanum og það síðara sé ekki þýtt.⁴⁶ Í skáldsögunni *Allt sundrast* eftir Chinua Achebe, sem kom út á ensku árið 1958, er mikið af orðum úr ibo-tungumálinu, sem er móðurmál höfundarins. Í íslenskri þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur frá 2018 eru orðin þýdd í fyrsta sinn sem þau birtast, stundum oftar, en lesandinn getur þó ekki treyst því, eins og hér: „*Umuofia kwenu!*“ hrópaði foringi *egwugwu* og sló bastklæddum handleggjunum út í loftið.“⁴⁷ Fyrir gleyminn lesanda er svo orðalisti aftast í bókinni. Achebe hefur sjálfur orðalista í enskri útgáfu verksins, en bætir af og til þýðingu við orðin þegar þau birtast í textanum – þó sjaldnar en íslenski þýðandinn sem er örlítið hjálplegri við lesandann.⁴⁸

Þegar Matéo Maximoff notar rómísku í smásögum sínum lætur hann oftast franska þýðingu fylgja með innan sviga í fyrsta sinn sem orðið birtist í hverri sögu, eða skýrir orðið með inngripi sögumanns eins og hér, í smásögunni „La pomana“ (Pomana):

C'était la *pomana*. Tu sais ce que c'est que la pomana ? C'est l'anniversaire de la mort de quelqu'un. (bls. 164)

Í þýðingu:

Það var *pomana*. Veistu hvað *pomana* er? Það er þegar einhver á dánarafmæli.

Hann hefur ekki orðalista aftast í bókinni og gerir á vissan hátt þá kröfu til lesandans að hann leggi merkingu orðanna á minnið, að minnsta kosti í dálítinn tíma. Gleyminn lesandi þarf því að rekja sig til baka í textanum í leit að þýðingu. Eins og Sofiya Zahova bendir á mætti auðveldlega þýða þau rómísku orð sem ekki hafa sértæka merkingu á markmáli þýðingarinnar; það sé hins vegar ætlun og vilji höfundanna sem nota tungumál sitt á þennan hátt að orðin standi óþýdd.⁴⁹ Við þýðingu á smásögum Maximoffs ákvað ég að fylgja notkun höfundar á rómísku orðum í frumtexta: skáletra og hafa

46 Ég þakka Jóhönnu Björk Guðjónsdóttur kærlega fyrir upplýsingar um þýðingar á inúítaorðum í frumtexta *Nirliit*.

47 Chinua Achebe, *Allt sundrast*, Reykjavík: Angústúra, 2018, bls. 114.

48 Sjá Chinua Achebe, *Things fall apart*, Anchor Books, 1994 (1959).

49 Sofiya Zahova, „The role of Romani language in Romani authors' works“, bls. 357.

Þýðingu innan sviga þegar þau birtast í fyrsta sinn en skáletra annars til aðgreiningar. Það kemur þó ekki í veg fyrir að þýðandinn staldri við þann ásetning höfundar að halda orðum af erlendum uppruna inni í textanum, sem ekki stendur til að laga að íslensku beygingakerfi og auðveldlega mætti þýða eins og í eftirfarandi dæmi. Í smásögunni „L’histoire de Diordi Zachari“ (Sagan um Diordi Zachari) birtist dauðinn eða andi dáins manns (*mulo*) í svínslíki (*balo*) þar sem tveir menn eru á ferð í hestvagni (*vurdon*) og hrellir þá sem á vegi hans verða:

Dans ses bras, le balo avait soudain grossi. A ce point qu’il était impossible à Mitia de s’en débarrasser. J’ai arrêté le vurdon. Ah! nous n’étions pas au bout de notre stupeur. Voici que le balo s’était mis à parler comme un Rom. (bls. 73)

Í þýðingu:

Balo sem hann hélt á fanginu hafði stækkað svo mikið að Mitia gat ekki losað sig við hann. Ég stoppaði *vurdon*. En við urðum enn meira undrandi þegar *balo* fór allt í einu að tala eins og Rómamaður.

Þegar verk Maximoff eiga í hlut, má hafa í huga að í frönsku eru nafnorð ekki beygð og ákveðinn greinir stendur fyrir framan orðið. Það er því nokkuð auðvelt að fella ný orð inn í tungumálið. Í íslensku verður að sleppa ákveðna greininum nema þegar þýðing fylgir innan sviga í frumtexta. Lýsingarorð má laga að kyni íslenska orðsins:

Ainsi, Pazel est désormais *Pivli* (veuve). (bls. 49)

Í þýðingu:

Þannig að nú er Pazela orðin *Pivli* (ekkjja).

Soutenu par Grofo, la *Pivli* pleure. (bls. 49)

Í þýðingu:

Pivli grét og Grofo studdi hana.

Mitra descendit du *vurdon* (voiture) pour le tirer par la bride. (bls. 72)

Í þýðingu:

Mitra fór niður úr *vurdon* (vagninum) og ætlaði að toga hann áfram á beislinu.

C'était un tout petit *balo* (cochon). (bls. 72)

Í þýðingu:

Þetta var pínulítið *balo* (svín).

Sum orð mætti laga að beygingarkerfi íslenskunnar, sbr. nafnorðið *terka* „stúlka“ sem hægt er að beygja: *terka*, *terku*, *terku*, *terku*, og gæti jafnvel borið viðskeyttan greini:

Mais pourquoi est-ce que tu n'es pas encore mariée? Ma *terka*, qui a ton âge, l'est déjà. (bls. 171)

Í þýðingu :

En hvernig stendur á því að þú ert enn ógift? Mín *terka* (stúlka), sem er jafngömul þér, er gift.

eða:

En hvernig stendur á því að þú ert enn ógift? *Terkan* (stúlkan) mín er jafngömul þér og hún er gift.

Að lokum má benda á að Maximoff notar iðulega orðin *Rom* og *Romni* í stað nafnorðanna „karl“, „eiginmaður“ og „kona“, „eiginkona“. Í upphafi skáldsögunnar *Condanné à survivre* lýsir hann því hvernig tilviljun ein ræður því hvar einstaklingur af rómískum uppruna er jarðsettur: „le Rom est enterré là où il meurt“ (Rómamaður er jarðaður þar sem hann deyr). Í öðrum tilvikum fer betur á því að þýða *Rom* sem „eiginmaður/karl“ og *Romni* sem „eiginkona/kona“:

Tripka sera mon Rom et personne d'autre. (bls. 51)

Í þýðingu:

Tripka verður eiginmaður minn, og enginn annar!

Cela étant fait, je rentre chez moi, rassuré : ma Romni ne sera plus jamais malade. (bls. 56)

Í þýðingu:

Að því loknu fór ég heim, viss um að konan mín yrði aldrei aftur veik.

Í smásögunni „Lamour chez les Tziganes“ (Sígauaást) notar Maximoff bæði frönsku og rómísku, hlið við hlið:

Désormais, Frinka et Louloudji étaient considérés comme mari et femme, comme rom et romni. (bls.156)

Í þýðingu:

Upp frá því voru Frinka og Louloudji eiginmaður og eiginkona, *rom* og *romni*.

Þessi klifun minnir lesandann í sífellu á að sögurnar eru um Rómafólk en einnig að þær eru ekki samdar með rómíska lesendur í huga, heldur hina, *Gayziés*. Erlendu orðin reyna e.t.v. örlítið á gestrisni markmálsins og þolinmæði lesandans, sem er ókunnugur tungumálinu. Hafi Maximoff viljað upplýsa og fræða lesandann um sjálfsmynd Rómafólks, menningu þeirra og tungumál má einnig velja því fyrir sér hvort rómísku orðunum sé líka ætlað að halda ekki-rómíska lesandanum í ákveðinni fjarlægð með því að minna hann einmitt á með reglulegu millibili að hann er *Gayziés* í þeim heimi sem verið er að lýsa?

5.

Matéo Maximoff var einn af þekktari rithöfundum Rómafólks á 20. öld. Hann var meðvitaður um eigin sögu, menningu og sjálfsmynd og gerði skýran greinarmun á því að verða rómískur og ekki-rómískur, *Gayziés*, í verkum sínum. Hann tilgreindi sjaldan hvaða rómíska ættflokki hinar og þessar sögupersónur í verkum hans tilheyrja; hann dró öllu heldur upp sameinandi mynd af Rómafólki: hann og minningar hans, sögurnar sem hann heyrði, skáldskapur hans og örlög sögupersónanna verða sameiginleg örlög alls Rómafólks í augum þess sem les. Í því samhengi hefur verið bent á epíska vídd í verkum hans. Í íslenskri þýðingu á nokkrum smásögum Maximoffs

úr bókinni *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* hef ég fylgt þeirri ákvörðun höfundar að hafa rómísk orð í textanum. Þau eru hluti af þeirri sjálfsmynd sem Maximoff dregur fram af Rómafólki; þau eru vissulega framandi en þau gera lesandanum engu að síður kleift að komast nær þeim menningarheimi sem textinn er sprottinn úr.

ÚTDRÁTTUR

Sjálfsmynd, framandleiki og tungumál
í verkum Matéos Maximoff:
rómíska í íslenskum þýðingum

Menning Rómafólks er lítið þekkt á Íslandi og nánast engin verk eftir rithöfunda af rómískum uppruna hafa verið þýdd á íslensku. Fágætt er að rómískir höfundar skrifi verk sín á rómísku þótt þess séu dæmi. Rithöfundurinn og sagnamaðurinn Matéo Maximoff samdi til dæmis flest sín verk á frönsku. Eins og fleiri rómískir rithöfundar á 20. öld vildi hann gera sögu og menningu Rómafólks góð skil í skáldverkum sínum til að fræða lesendur um líf þess og samfélag. Það gerir hann meðal annars með því að skjóta inn fróðlegum upplýsingum um siði og sögu Rómafólks en einnig með því að nota bæði orð og setningar á tungumáli þeirra. Þetta á bæði við um sér-tæk orð, sem eiga ekki hliðstæðu í öðrum tungumálum, og orð sem eiga hliðstæðu í öðrum tungumálum og auðvelt væri að þýða yfir á markmál þýðingarinnar. Hér er sagt frá verkum og hugarheimi Matéos Maximoff og notkun rómískra orða í skáldverkum hans. Dæmi verða tekin úr íslenskri þýðingu á nokkrum sögum úr smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Brúða Mameligu. Bók óttans). Rómísku orðin gefa franska frumtextanum framandi yfirbragð og þau fylgja textanum inn í þýðinguna.

Lykilorð: *La poupée de Mameliga*, Matéo Maximoff, rómíska, smásögur, sjálfsmynd

ABSTRACT

Identity, exoticism and language in
the works of Matéo Maximoff:
Romani in Icelandic translations

Roma culture is not well known in Iceland and hardly any works of Roma writers have been translated into Icelandic. Roma writers rarely write their works in Romani. The writer and story-teller Matéo Maximoff, for instance, wrote most of his works in French. As many other Roma writers in the 20th century, he wished to give a good account of the Roma people's history and culture in order to instruct the reader about their life and community by providing various information about their customs and traditions, but also by using both words and short sentences in Romani. This both refers to particular words with no equivalent in other languages as well as words that do have an equivalent in another language and could therefore be easily translated into the target language. This article presents the works and the fictive world of Matéo Maximoff as well as his use of Romani words in his writings in French. Examples will be taken from some of the short-stories in the collection *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Mameliga's Doll. The Book of Fear). The Romani words add a certain exoticism to the French original and they can also be found in the translated text.

Keywords: *La poupée de Mameliga*, Matéo Maximoff, Romani, short-stories, identity